

Nd.

243. Nefndarálit

[9. mál]

um frv. til laga um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum. Ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytis, Baldur Möller, og forstjóri Landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, hafa mætt á fundum nefndarinnar, gefið upplýsingar og rætt efni frumvarpsins við nefndarmenn. Stjórn Skipstjórafélags Íslands sendi nefndinni athugasemdir við frumvarpið, og ræddi formaður þess, Jón Eiríksson, við formann nefndarinnar.

Enn fremur sendi Starfsmannafélag Landhelgisgæzlunnar nokkrar athugasemdir við frumvarpið, og óskaði stjórn þess eftir viðræðum við nefndina. Varð hún við þeim tilmælum, og var fullt tillit tekið til athugasemda þeirra við afgreiðslu málsins.

Nefndin varð sammála um að flytja nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, sem prentaðar er á sérstöku þingskjali. — Einn nefndarmanna, Ragnar Arnalds, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. febr. 1967.

Matthías Bjarnason,	Birgir Finnsson,	Pétur Sigurðsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Óskar E. Levy.	Björn Fr. Björnsson.	Jón Kjartansson.